Norræn sýning

NORRÆNA farandsýningin „Saarilla“ sem 10 textíl-listakonur standa að, var opnuð 9. september í Bornholms Kunstmuseum. Heiti sýningarinnar er finnskt og útleggst „Í eyjum“ og eru sýningarmunir túlkun höfundanna á margvíslegum hugsunum um eylönd. Eins og hendingar einnar listakvennanna, Kajsu af Petersens, í sýningarskrá: Öll eigum við tengsl til einhverrar eyjar. Eyjar hafa töfra, hvort sem eru umvafnar sagnablæ eður ei. Er það einangrun þeirra og greinileg mörk við heiminn, sem gera lífið þar skýrara en annars staðar?

„Saarilla“ átti aðeins að sýna í eyjum og var sýningin fyrst sett upp á Kjarvalsstöðum, þá í Listaskálanum í Þórshöfn, en síðan var gerð undantekning vegna Norrænu kvennaráðstefnunnar í Osló, og „Saarilla“ sýnd í tengslum við hana, enda ekki gert ráð fyrir sýningarstað í Noregi. Og nú prýða verk norrænu vefjarlistarkvennanna sali Listasafnsins á Borgundarhólmi og síðan mun leiðin liggja til Aalands Konstmuseum í Mariehamn og Gotlands Fornsal í Visby.

Í Listasafni Borgundarhólms var sýningin opnuð með virðulegum hætti og flutti forstjóri safnsins Lars Kjærulf Möller ræðu við það tækifæri. Nokkrar listakvennanna voru þar viðstaddar og voru þær mjög ánægðar með alla tilhögun og dvölina á sólskinseyjunni eins og Borgundarhólmur er oft kallaður. Alls eru þær 10 eins og áður sagði: Margrethe Agger og Nanna Hertoft frá Danmörku, Agneta Hobin og Annaliisa Troberg frá Finnlandi, Sigurlaug (Silla) Jóhannesdóttir og Anna Þóra Karlsdóttir, Ísland, Sidsel Carlsen og Marith Ann Hope, Noregi og Gun Dahlqvist og Kajsa af Petersens, Svíþjóð.





Verk Önnu Þóru Karlsdóttur á „Saarilla“. Á innfelldu myndinni eru f.v.: Nanna, Anna Þóra, Gun, Silla, Marit, Sidsel og Kajsa við Bornholms Kunstmuseum

Sýningin hefur fengið mjög jákvæða umfjöllun í dönskum blöðum, bæði hér í Höfn og á Borgundarhólmi og vekja verk Íslendinganna sérstaka athygli, en Silla sýnir hrosshár á fjörusteinum og Anna Þóra á myndverk úr íslenzku ullarfilti. Eru myndir af „Stiklum“ Sillu með hverri grein. Blaðamaður „Bornholmeren“ túlkar verk þeirra stallsystranna þannig, að Silla minni á, að einnig sker í hafinu gefi líf og grið, en listaverk Önnu Þóru séu sem vatnagróður, sem sveigist og bærist í straumínum. Jonna Dwinger hjá Politiken hrósar sýningunni á hvert reipi og segir, að fyrstu sterku áhrif hennar séu vaðsteinar Sigurlaugar og líkir filtverki Önnu við grænt landið sem fagurleg breytist í bláma himins.

Í sýningarskrá eru myndir af listaverkunum, teikningar og tilvitnanir í eyjaþjóð og spakmæli. Þar má einnig finna ljóð Þorsteins frá Hamri, sem heitir „Skipreiki“:

Undarlegt að vakna
í röstinni.
Og sjá þig gegnum ölduhjúp:
Land
að stíga á.

G.L.Ásg.

smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar

félagslíf

☐ Gimli 59883107 – Fjhst.

☐ MÍMIR 598803107 ≡ 1 Frl.

Bænastaðurinn Fálkagötu 10
Sunnudagaskóli kl. 10.30 sunnud. 2. okt. Bænastundir virka daga kl. 7 e.h.

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
ÖLDUGÖTU 3
SÍMAR 11798 og 19533.

Dagsferðir sunnudaginn 2. okt.:
1. Kl. 9.00 Hafnarfjall (847 m). Ekið að Grjóteyri og gengið á fjallið að norðan. Verð kr. 1000.-
2. Kl. 9.00. Melasveit –
Melabakkar. Ekið verður niður að ströndinni að Belgsholti og gengið þaðan um Melabakka. Létt gönguferð á láglendi. Verð kr. 1000.-

3. Höskuldarvellir – Tröllladyngja (375 m). Ekið að Höskuldarvöllum og gengið þaðan á Tröllladyngju. Verð kr. 600.-
Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin. Farmiðar við bíl.


Ath.: Fyrsta myndakvöld vetrarins verður miðvikudaginn 12. okt. á nýjum stað, Sóknarhúsinu, Skipholti 50a.

Ferðafélag Íslands.

Krossinn
Auðbrekku 2, 200 Kópavogur
Samkoma í kvöld kl. 20.30. Allir velkomnir.

Samhjálp
Í dag kl. 14.00–17.00 er opið hús í Þríbúðum, Hverfisgötu 42. Lítið inn og rabbið um daginn og veginn. Heitt kaffi á könnunni. Kl. 15.30 tökum við lagið saman og syngjum kóra. Takið með ykkur gesti.
Allir velkomnir.

Samhjálp.



Hvítasunnukirkjan Fíladelfía
Almenn bænasamkoma kl. 20.30.

Útivist
Sunnudagur 2. okt.
Kl. 13.00 Strandganga í landnámi Ingólfs 22. ferð.
Þorlákshöfn – Hafnarskeið – Ölfusárósar (Óseyrarbrú).
Lokaáfanginn. Nú mæta allir, bæði þeir sem verið hafa með áður og hinir sem vilja einnig kynnast skemmtilegri gönguferð. Rútan fylgir hópnum. Verð 900,- kr., frítt f. börn. m. foreldrum sínum. **Brottför frá BSÍ, bensínsölu.**
Sjáumst!

Útivist.

raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

fundir — mannfagnaðir

Verkafólk Rangárvallasýslu

Aðalfundur Rangæings verður haldinn í verkalýðshúsinu á Hellu, laugardaginn 15. október nk. og hefst kl. 16.00.
Á dagskrá venjuleg aðalfundarstörf og kjör fulltrúa á 36. þing ASÍ.

Stjórnin.

tilboð — útboð

Ráðhús Reykjavíkur
Málmgluggar, forhliðar og gler
Forval

Ákveðið hefur verið að bjóða út málmglugga, forhliðar og gler í lokuðu útboði. Bjóðendur þurfa að framkvæma hönnun að hluta til og að geta sýnt fram á að tæknilegum kröfum sé fullnægt.
Útboðsgögnin miðast við að sami framleiðandi leggi til glugga og gler, en réttur verður áskilinn til að taka tilboðum í annað hvort, og því einnig heimilt að gera tilboð á sama hátt, en athygli er vakin á því að útfærslu framleiðenda þarf þá að samræma.
Þeir, sem hafa áhuga á að taka þátt í lokuðu útboði í þetta verk, geta sótt upplýsingar um verkefnið á skrifstofu borgarverkfræðings Skúlatúni 2, 3. hæð.

Verkefnisstjórn Ráðhúss Reykjavíkur.

Félagsstarf Sjálfstæðisflokksins

Austurland – haustfagnaður



Haustfagnaður Sjálfstæðisflokksins á Austurlandi verður haldinn í Hótel Valaskjálf laugardaginn 1. október og hefst með borðhaldi kl. 20.00. Húsið opnað kl. 19.00.
Heiðursgestir verða hjónin Gréta Kristjánsdóttir og Sverrir Hermannsson, fyrrverandi ráðherra og alþingismaður Austfirðinga. Formenn sjálfstæðisfélaganna á hverjum stað taka við pöntunum og gefa allar nánari upplýsingar. Einnig tekur Hótel Valaskjálf við pöntunum.

Bakkafjörður – Vopnafjörður: Ólafur B. Valgeirsson, sími 31439.
Egilsstaðir – Fljótsdalshérað: Sigurður Ananíasson, símar 11550 og 11210.

Seyðisfjörður: Garðar Rúnar Sigurgeirsson, sími 21216.
Reyðarfjörður: Markús Guðbrandsson, símar 41178 og 41378.
Eskifjörður: Erna Nielsen, símar 61162 og 61161.
Neskaupstaður: Ágúst Blöndal, sími 71139.
Fáskrúðsfjörður: Sigurður Þorgeirsson, símar 51261 og 51377.
Stöðvarfjörður: Bjarni Gíslason, sími 58858.
Breiðdalsvík: Baldur Pálsson, símar 56654 og 56740.
Djúpivogur: Sigurður Þorleifsson, sími 88992.
Höfn: Albert Eymundsson, símar 81148 og 81142.
Allir velkomnir.

Stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Austurlandskjördæmi.

Reykjaneskjördæmi – formannafundur





Stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi boðar hér með formenn fulltrúaráða og sjálfstæðisfélaga í Reykjaneskjördæmi til fundar í sjálfstæðishúsinu, Hamraborg 1, fimmtudaginn 6. október kl. 20.00.
Dagskrá:
1. Bragi Michaelsson gerir grein fyrir málum kjördæmisráðs.
2. Matthías A. Mathiesen, alþingismaður ræðir um stjórnarslit og stjórnmálaviðhorfið.

Stjórn kjördæmisráðs.

Garðabær
Aðalfundur Hugins



Huginn félag ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ heldur aðalfund föstudaginn 7. október kl. 20.00 að Lyngási 12.
Dagskráin verður þannig:
1. Sveinn Andri Sveinsson formaður stúdentaráðs ávarpar fundinn.
2. Bæjarmálaályktun.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Umræður um skýrslur og reikninga.
6. Lagabreytingar.
7. Kosning stjórnar, endurskoðenda og fulltrúa félagsins í kjördæmisráð, kjördæmasamtök ungra sjálfstæðismanna og fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ.
8. Önnur mál.

Allir núverandi og tilvonandi félagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Hugins.